# Breyting á deiliskipulagi "Engjahverfis C hluta" vegna Starengi 6




Gildandi deiliskipulag Starengis 6, breyting sem samþykkt var í skipulagsráði 21. mars 2007.




Deiliskipulag, mkv. 1:500 eftir breytingu.



Yfirlitsmynd úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024

**Skýringar:**

- afmörkun deiliskipulags
- byggingarreitur
- bílastæði
- lóðamörk

Lagfært í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar dags. 14. janúar 2010.

**Gildandi skilmálar fyrir lóðina Starengi 6:**

Innan byggingarreits er fyrirhugað að byggja 6 litlar námsmannaíbúðir til útleigu. Hús skal vera á einum gólffleti.
Mesta leyfileg hæð húss skal vera 5,0 m yfir gólffleti.
Þakform og útfærsla húss skal vera frjáls.
Vegna umferðar við Mosveg skal gera 1-1,5 m háan vegg eða mön á lóðamörkum við Mosveg til að tryggja hljóðvist á lóð og utan að opnanlegum gluggum (55 dB).
Heildarstærð byggingarreits er 356,0 m².

**Greinargerð:**

Lóðin er hluti af deiliskipulagi Engjahverfis C hluta sem upphaflega var samþykkt í borgarráði 11.01.1994.
Í gildi er deiliskipulag fyrir lóðina, breyting sem samþykkt var í skipulagsráði 21. mars 2007. Þar er gerður byggingarreitur fyrir áhaldahús á norðvesturhluta lóðarinnar og fyrirkomulagi á bílastæði breytt.

**Lýsing á breytingunni:**

Breyting felst í því að nýtingu áhaldahúss verði breytt í íbúðareiningu sem tilheyrir búsetukjarnanum að Starengi 6.

Búsetukjarni er samansafn íbúðar- eða búsetu eininga sem ætlaðir eru skjólstæðingum félagsþjónustunnar í Reykjavík.
Í búsetukjarnanum er einnig veitt ýmiskonar sameiginleg þjónusta.

Fyrir breytingu voru skráðar 6 íbúðir í aðalhúsi.
Íbúðareiningar verða áfram sex þar sem ein íbúðareiningin er gerð að starfsmannaaðstöðu og nýrri íbúðareiningu bætt við í núverandi áhaldahúsi.

Búsetukjarninn var upphaflega byggður fyrir námsmenn en með breytingunni fellur úr gildi ákvæði um að á lóðinni séu námsmannaíbúðir.

Fjöldi bílastæða helst óbreyttur.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í Borgarráði þann 8. okt. 2009.
og á embafgrf. Skipulagsstjóra þann 18. des. 2009
Tillagan var auglýst frá 4. nóv. 2009
með athugasemdafresti til 16. des. 2009.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ___ 200 _.

Ólöf Örvarsdóttir

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingu þessa.

| Starengi 6 | |
|---|---|
| | Deiliskipulag |
| Mælikvarði | 1:500 |
| Dagsetning | 07.09.2009 |
| Teikning nr. | 01 |


Ásdís Ingþórsdóttir arkitekt FAÍ

Beykihlíð 6,
105 Reykjavík
Sími: 588 6999/858 8508
netfang: asdis.i@internet.is
kt. 210267-3959